


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 3	Uppeldisfræði 103 (UPP103)	Kennsluáætlun (Haustönn 2010)

Kennari	Valgerður Dögg Jónsdóttir	Sk.st.	VAL
----------------	---------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í þessum fyrsta áfanga í uppeldisfræði er lögð áhersla á kynningu á fræðigreininni uppeldis- og menntunarfræði. Fjallað er um rætur fræðigreinarinnar, sögu og hagnýtingu. Hugtakið uppeldi er tekið til umræðu og gildi uppeldis fyrir einstakling og samfélag. Mismunandi viðhorf til mannlegs eðlis eru skoðuð í ljósi mismunandi viðhorfa til uppeldis og menntunar. Lauslega er farið í þróun uppeldis og menntunar í Evrópu síðustu aldir. Nemendur kynnast hugmyndafræði og uppeldisaðferðum nokkurra þekkra uppeldisfræðinga sem hafa haft áhrif á uppeldis- og skólustarf í Evrópu. Þeirra á meðal eru Rousseau, Pestalozzi, Fröbel, Montessori og Dewey. Fjallað er um þroskaferil barna/unglinga. Áherslur m.a. á þróun sjálfsins, vitsmuna-, siðgæðis- og félagsþroska barna og unglunga. Mikilvægt er að nemandinn fái þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum við að leita upplýsinga, vinna úr gögnum, kynna niðurstöður skriflega og/eða munnlega einnig er lögð áhersla á hópavinnu.

Markmið:

- Fjallað verður um uppeldisfræði í sögulegu ljósi, ágríp af sögu uppeldis og menntunar.
- Fjallað verður um helstu kenningar og höfunda þeirra.
- Fjallað verður um börn í nútíma samfélagi, samskipti foreldra og barna, hjónaskilnaði og fl.


Námsgögn:

Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir: *Uppeldi, kennslubók fyrir framhaldsskóla*, 2006. Mál og menning. Kaflar: 1 - 5.

Annað kennsluefni afhent í tíma...

Kennslutilhögun: Fyrirlestrar, myndbandssýningar, umræður og verkefni.

Áætlun um yfirferð:

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 3	Uppeldisfræði 103 (UPP103)	Kennsluáætlun (Haustönn 2010)

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
33	Farið yfir kennsluáætlun - kynning á áfanganum	
34	1. kafli: Uppeldi - uppeldisfræði	
35 - 37	2. kafli: Uppeldi og menntun í aldanna rás	Verkefni + Próf úr 2. kafla
38 - 40	3. kafli: Þroskaferill barnsins	Verkefni
41	Kynningarverkefni (val)	Próf úr 3. kafla
42	4. kafli: Kynhlutverk og uppeldi	Heimsókn + umræður
43 - 44	Rannsókn á dagvistun barna (leikskóli, dagforeldri, frístundastarf í grunnskóla)	Heimsókn + skýrsla
45	5. kafli: Samskipti foreldra og barna	Tilraun
46 - 47	12. kafli: Hjónaskilnaðir	Verkefni + próf úr 5. og 12. kafla
47	Grunnskólaheimsókn	Umræður + verkefni

Með fyrirvara um breytingar.

Námsmat og vægi námsþátta:


Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Verkefni á önninni (Kynningarverkefni, skýrsla og tímaverkefni)	60%
Próf	3 próf á önninni (2 bestu gilda til einkunnar)	30%
Annað	Ástundun/virkni í tímum/þátttaka	10%

Vinnubrögð:

- Nemendum er ekki heimilt að nota farsíma í kennslustundum.
- Fartölvur nemenda eru aðeins heimilaðar til notkunar við námið sjálft.

Verkefnaskil:

- Verkefni skal vinna af vandvirkni.
- Verkefni skal skila á tilsettum tíma (ekki er tekið við verkefni viku eftir tilsettan skiladag) - einkunn lækkar við hvern dag sem fer framyfir tilsettan skiladag.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	Uppeldisfræði 103 (UPP103) Kennsluáætlun (Haustönn 2010)	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 3		

Mæting:

- Áfanginn er símatsáfangi og því ekki lokapróf þess vegna þurfa **allir** nemendur að mæta í 85% kennslustunda til að geta staðist áfangann.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils